


AKUREYRARBÆR

MÓTTAKA OG ÞJÁLFUN NÝRRRA STARFSMANNA

Hjördís Sigursteinsdóttir

Desember 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
LEIÐBEINING NÝRRRA STARFSMANNA.....	5
ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA NÝRRRA STARFSMANNA.....	6
MÓTTAKA NÝRRRA STARFSMANNA.....	7
SAMANTEKT	8

MYNDASKRÁ

- Mynd 1. Hvernig var þér leiðbeint þegar þú byrjaðir í nýju starfi? 5
- Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf? 6
- Mynd 3. Hversu sammála eða ósammála ertu því að vel er tekið á móti nýju starfsfólki í minni deild? 7

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður fyrir spurningar sem snúa að móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Um var að ræða eina spurningu og tvær staðhæfingar þar sem starfsfólk átti að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála það var þessum staðhæfingum.

Spurning um leiðbeiningu þegar viðkomandi byrjaði í nýju starfi; (1) „Hvernig var þér leiðbeint þegar þú byrjaðir í nýju starfi?“. Svarmöguleikar voru: Var ekki sett(ur) sérstaklega inn í starfið, fékk aðstoð frá samstarfsaðila, fékk aðstoð frá yfirmanni, fór á sérstakt námskeið. Merkja mátti við alla svarmöguleika.


Tvær spurningar um nýtt starfsfólk; (1) „Hversu sammála eða ósammála ert þú því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf?“ (2) „Hversu sammála eða ósammála ertu því að vel er tekið á móti nýju starfsfólki í minni deild?“. Svarmöguleikar voru: Mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála og mjög sammála.

Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Inngangur, (2) Leiðbeining nýrra starfsmanna, (3) Þjálfun og fræðsla nýrra starfsmanna, (4) Móttaka nýrra starfsmanna og (5) Samantekt.

Niðurstöður eru settar fram sem hlutfallstölur og niðurstöður bornar saman við niðurstöður 17 annarra sveitarfélaga þar sem spurt var sömu spurninga.

LEIÐBEINING NÝRRRA STARFSMANNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hvernig var þér leiðbeint þegar þú byrjaðir í nýju starfi?“ Svarmöguleikar voru: Var ekki sett(ur) sérstaklega inn í starfið, fékk aðstoð frá samstarfsaðila, fékk aðstoð frá yfirmanni, fór á sérstakt námskeið. Merkja mátti við alla svarmöguleika.




Mynd 1. Hvernig var þér leiðbeint þegar þú byrjaðir í nýju starfi?

Niðurstöðurnar sýna að algengast er að starfsfólkið hafi fengið aðstoð yfirmanns þegar það byrjaði í nýju starfi eða í um 62% tilvika og um 37% fékk aðstoð frá samstarfsfélaga. Í um 17% tilvika var starfsfólkið ekki sett sérstaklega inn í starfið.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að starfsfólkið hafi fengið aðstoð frá samstarfsfélaga þegar það byrjaði í nýju starfi eða í um 59% tilvika og um 38% fékk aðstoð frá yfirmanni. Í um 23% tilvika var starfsfólkið ekki sett sérstaklega inn í starfið.

ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA NÝRRRA STARFSMANNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hversu sammála eða ósammála ert þú því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf?“ Svarmöguleikar voru: Mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki sammála né ósammála, frekar sammála og mjög sammála.




Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ert þú því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf?

Niðurstöðurnar sýna að um 11% starfsfólksins var mjög sammála því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf og um 38% voru frekar sammála því. Í um 5% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 11% starfsfólksins var mjög sammála því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf og um 37% voru frekar sammála því. Í um 7% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf.

MÓTTAKA NÝRRRA STARFSMANNA

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna: „Hversu sammála eða ósammála ertu því að vel er tekið á móti nýju starfsfólki í minni deild?“. Svarmöguleikar voru: Mjög ósammála, frekar ósammála, hvorki né, frekar sammála og mjög sammála.



Mynd 3. Hversu sammála eða ósammála ertu því að vel er tekið á móti nýju starfsfólki í minni deild?

Niðurstöðurnar sýna að um 40% starfsfólksins var mjög sammála því að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki í þeirra deild og um 43% var frekar sammála því. Einnig má sjá að í um 1% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að tekið var vel á móti nýju starfsfólki í þeirra deild.

Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 41% starfsfólksins var mjög sammála því að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki í þeirra deild og um 43% var frekar sammála því. Einnig má sjá að í um 2% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að tekið var vel á móti nýju starfsfólki í þeirra deild.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er að finna niðurstöður fyrir spurningar sem snúa að móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Um var að ræða eina spurningu og tvær staðhæfingar þar sem starfsfólk átti að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála það var þessum staðhæfingum. Niðurstöður eru settar fram sem hlutfallstölur og niðurstöður bornar saman við niðurstöður 17 annarra sveitarfélaga þar sem spurt var sömu spurninga.

Niðurstöðurnar sýna að algengast er að starfsfólkið hafi fengið aðstoð yfirmanns þegar það byrjaði í nýju starfi eða í um 62% tilvika og um 37% fékk aðstoð frá samstarfsfélaga. Í um 17% tilvika var starfsfólkið ekki sett sérstaklega inn í starfið. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að starfsfólkið hafi fengið aðstoð frá samstarfsfélaga þegar það byrjaði í nýju starfi eða í um 59% tilvika og um 38% fékk aðstoð frá yfirmanni. Í um 23% tilvika var starfsfólkið ekki sett sérstaklega inn í starfið.

Niðurstöðurnar sýna að um 11% starfsfólksins var mjög sammála því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf og um 38% voru frekar sammála því. Í um 5% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 11% starfsfólksins var mjög sammála því að nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf og um 37% voru frekar sammála því. Í um 7% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun þegar þeir hefja störf.

Niðurstöðurnar sýna að um 40% starfsfólksins var mjög sammála því að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki í þeirra deild og um 43% var frekar sammála því. Einnig má sjá að í um 1% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að tekið var vel á móti nýju starfsfólki í þeirra deild. Horft til allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 41% starfsfólksins var mjög sammála því að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki í þeirra deild og um 43% var frekar sammála því. Einnig má sjá að í um 2% tilvika var starfsfólkið mjög ósammála því að tekið var vel á móti nýju starfsfólki í þeirra deild.